



NORRÆNN BYGGINGARDAGUR – NBD

FUNDARGERÐ – STJÓRNARFUNDUR

Fundarstaður: Umhv. og skipulassvið Rvk., Borgartún 12 - 14, í fundasalnum Kerhólum
Dagsetning: 30. júlí 2015
Fundarmenn: Smári Þorvaldsson, formaður, SP
Magnús K. Sigurjónsson, ritari, MKS
Eyjólfur Bjarnason, gjaldkeri, EB
Ágústa Sveinbjörnsdóttir, ÁS
Ekki mætt Jóhanna B. Hansen, JBH

Fundarrefni: Undirbúningur ráðsfundar, frh., sjá síðustu fundargerð.

Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar var send út og voru ekki athugasemdir við hana.

Dagskrá ráðsfundar

Rætt var nánar um dagskrána. Dagskráin verður eins og lýst er í síðustu fundargerð utan þess að miðað er nú við að hádegisverði og skoðunarferð verði flýtt um hálf tíma.

Staðir

SP sagði að nóg sé enn af hótélrymi á hótél Sögu og verður þátttakendum bent á þann möguleika. SP skýrði frá möguleikum varðandi aðstöðu og var ákveðið að halda fundinn í 30 manna fundarymi á Sögu. SP skoðaði 9 veitingastaði og mælti með Fiskifélaginu. EB kannaði möguleika á fundi og hádegismat í Hörpu og var ákveðið vegna hentugleika, þótt verðið væri hátt, að leigja fundaherbergið Stemma sem er vel tæknibúið fyrir kynningar / fyrirlestra, í hálfan dag. Ákveðið var að skoða húsið Hörpu með leiðsögn, snæða þar hádegisverð á Smurstöðinni. Rúta komi að Hörpu en skoðunarferð verði smávegis um Reykjavík en aðallega í Hellisheiðarvirkjum þar sem Orkusýn mun annast leiðsögn.

Fyrirkomulag

Ákveðið var þanta í Fiskifélaginu hópmatseðil með þríréttuðum matseðli og annast SP það. Einnig sér hann um að bjóða 2 lykilpersónum stuðningsaðila en forstjóri FSR er upptekinn. ÁS hefur falið ungum samstarfsskonum sínum, arkitektunum Valnýju Aðalsteinsdóttur og Hildi Gunnlaugsdóttur, að annast fyrirlestur um skipulags- og byggingarmál í Reykjavík. EB mun biðja Bjarna Má Gylfason hagfræðing SI að annast fyrirlestur. Ákveðið var þetta dagskrána og skoða húsið Hörpu. EB mun biðja Hörpu um að fá Sigurð Ragnarsson verkfræðing til að annast leiðsögnina. Einnig mun SB annast að fá rútu að loknum hádegisverði. Önnur arkitektanna mun gefa smáleiðsögn á leið frá Rvk. en skoðunarferð verður aðallega í Hellisheiðarvirkjun þar sem Orkusýn sér um leiðsögn, EB annast að þanta það.

Heimasíða NBD

MKS sagði að vefnum hafi verið lokað fyrir nokkrum vikum því ekki barst greiðsla til ISNIC. MKS sendir í dag leiðbeiningar til EB um hvernig skuli greiða svo opna megi vefinn fljótt. Mun MKS þá vinna að því að setja á vefinn upplýsingar um ráðsfundinn.

Kostnaðaráætlun

Áætlun kostnaðar er vegna fundarsalar á Sögu 28 þús., kaffi 20 þús., kvöldmat 300 þús., fundarymi Hörpu 90 þús., hádegismatur 60 þús., kynning á Hörpu 36 þús rúta 50 þús og leiðsögn um orkuvirkjun 14 þús. samtals um 600 þús. kr.

Næstu skref

Tölvupóstur verða notaðir til upplýsinga um framvindu fram að ráðsfundi.

Ritað MKS